

Ákvörðun nr. 21/2021
Fimmtudagurinn, 27. maí 2021

Kaup Orkla ASA á öllum eignarhlutum í Nóa Síriusi hf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Orkla ASA (hér eftir „Orkla“) á 80% eignarhlut í Nóa Síriusi hf. (hér eftir „Nói Síriusi“). Orkla á þegar 20% hlut í Nóa Síriusi, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 37/2019, *Kaup Orkla ASA á eignarhlut í Nóa Síriusi hf.* Í fyrirhuguðum kaupum felst að Orkla mun í kjölfar þeirra eignast 100% hlut í Nóa Síriusi.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 5. maí 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða 6. maí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
3. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Orkla er birgir ýmissa vörumerkja fyrir matvöru, smásölu, matvælaframleiðslu, apótek, bakarí og fleira. Starfsemi Orkla á sviði neysluvara skiptist í fjögur viðskiptasvið: (i) Orkla Foods, (ii) Orkla Confectionery & Snacks, (iii) Orkla Care og (iv) Orkla Food Ingredients. Orkla er skráð í kauphöllinni í Osló og höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Osló, Noregi. Starfsemi Orkla á Íslandi felst í sölu og dreifingu á ýmsum neysluvörum og framleiðsluvörum, aðallega bökunarvörum, til framleiðenda, heildsala og smásala, oft í gegnum íslenska milliliði.
 - b) Orkla selur og dreifir m.a. sælgæti og snakki til heildsala, dreifingaraðila, framleiðenda og smásala á Íslandi í gegnum dreifingaraðila eða heildsala eða beint til smásölukeðja. Vörusafn félagsins undir viðskiptasviðinu Orkla Confectionery & Snacks á Íslandi samanstendur t.a.m. af vörumerkjum á borð við Kims, Göteborgs kex, Panda og OWL. Þá hefur félagið hafið sölu á morgunkorninu Quaker Havrefras á árinu 2020.
 - Orkla á eignarhlut í Dragsbæk A/S, dönsku félagi sem á meirihluta hlutafjár í Kjarnavörum ehf. Kjarnavörur er íslenskt framleiðslufyrirtæki stofnað árið 1989. Samkvæmt upplýsingum samrunaaðila framleiðir fyrirtækið um 260 vörutegundir í 60 vöruflokkum. Fyrirtækið framleiðir og selur í heildsölu m.a. smjörlíki, viðbit, steikingarfeiti, sultur, ávaxtagrauta og sósur. Kjarnavörur fara aftur með yfirráð yfir félögunum Innbaki hf. sem selur umbúðir, hráefni og vörur fyrir bakaraiðnaðinn, Nonna litla ehf. sem framleiðir og selur m.a. kaldar sósur og Ísbúð Vesturbæjar ehf. sem rekur ísbúðir á höfuðborgarsvæðinu.
 - Orkla á jafnframt eignarhlut í Bluma Food I/S, sem á hlut í Visku hf. og Gæðabakstri ehf. Viska er eignarhaldsfélag og hefur enga eiginlega starfsemi undir höndum. Gæðabakstur framleiðir og selur í heildsölu ferskt brauðmeti. Auk þess rekur félagið Kristjánsbakarí sem hefur með höndum rekstur bakaría á Akureyri auk framleiðslu og sölu á brauðmeti í heildsölu.



- c) Nói Sírius framleiðir og selur sælgæti á Íslandi. Fyrirtækið býður upp á fjölbreytt vöruúrval en súkkulaðiframleiðsla er þeirra sérgrein. Þar að auki flytji Nói Sírius inn og selji sætindi, nasl og morgunkorn til smásala. Í flokki innflutnings og heilðsölu séu vörumerki á borð við Pringles, Kellogg's og Valor.
4. Samkvæmt framangreindu eru báðir samrunaaðilar virkir í sölu og dreifingu á dagvörum. Eina skörun samrunaaðila er að mati þeirra í dreifingu og sölu á sælgæti, snakki og að takmörkuðu leyti morgunkorni. Um markaði málsins er fjallað í fyrrgreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 37/2019, *Kaup Orkla ASA á eignarhlut í Nóa Síriusi hf.* Að mati Samkeppniseftirlitsins eru markaðir málsins vegna fyrirhugaðs samruna í fyrsta lagi framleiðsla, innflutningur og heilðsala á sælgæti, í öðru lagi framleiðsla, innflutningur og heilðsala á snakki og í þriðja lagi innflutningur og heilðsala á morgunkorni. Um síðastnefnda markaðinn var ekki fjallað í ákvörðun nr. 37/2019 þar sem Samkeppniseftirlitið taldi skörun í morgunkorni afar takmarkaða. Í framkvæmd hefur framkvæmdastjórn ESB skilgreint sérstakan markað fyrir morgunkorn (e. *Ready-to-eat-cereals (RTEC)*).¹ Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins telur eftirlitið ekki forsendur til þess að skilgreina framangreinda markaði með ítarlegri hætti.
5. Að mati Samkeppniseftirlitsins er landfræðilegur markaður málsins Ísland, enda selja báðir samrunaaðilar vörur sínar til innlendra heild- og smásala. Er það jafnframt í samræmi við afstöðu samrunaaðila í samrunaskrá.
6. Í samruna þessa máls felst að aðili sem áður hafði sameiginleg yferráð í fyrirtæki öðlast nú full yferráð yfir því, sbr. e-liður 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Í fyrrgreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 37/2019 var fjallað um þann samruna sem leiddi til sameiginlegra yferráða Orkla með öðrum hluthöfum yfir Nóa Sírius. Var það mat Samkeppniseftirlitsins eftir rannsókn málsins að við þann samruna myndi hvorki myndast eða styrkjast markaðsráðandi staða. Þá væru ekki vísbendingar um að samkeppni myndi raskast að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum var það niðurstaða eftirlitsins að ekki væri ástæða til þess að aðhafast vegna þess samruna.
7. Við rannsókn þess máls aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga um þróun rekstrar, bæði frá Orkla og Nóa Sírius, frá því að framangreind ákvörðun var tekin. Er það mat eftirlitsins að þær breytingar sem hafa átt sér stað frá þeim tíma hrófla ekki við framangreindu mati. Af þeim ástæðum er ekki tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna umræddrar breytingar á yferráðum yfir Nóa Sírius.

I. Ákvörðunarorð

„Kaup Orkla ASA á 80% eignarhlut í Nóa Síriusi hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Sjá t.a.m. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 14. september 2015 í máli nr. M.7709 *Bright Food Group / Invermik*.